

Aðalfundur SOS Barnaþorpanna			
Fundardagur og tími:	18.5.2022, 17:30-18:50	Fundarstaður:	Hábraut 1a
Þátttakendur:	Auður Anna Pedersen, Auður Hrefnudóttir, Auður Ösp Gylfadóttir, Friðrika J Sigurgeirsdóttir, Hildur Hörn Daðadóttir, Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir, Kristján Þ. Davíðsson, María F. Rúriksdóttir, Nichole Leigh Mosty, Ragnar Schram og Raket Lind Hauksdóttir. Frá EY: Sigurður M Jónsson og Anna Þ. Benediktsdóttir.		

Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar og varamanna
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjald
8. Önnur mál

Fundur settur og breyting á dagskrá fundarins

Kristján Þ. Davíðsson formaður stjórnar SOS setti fund kl. 17:30. Formaður lagði til breytingu á dagskrá fundarins sem var að fyrsti liður yrði kosning fundarstjóra og fundarritara. Engin andmæli bárust og var það því samþykkt. Uppfærð dagskrá er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kosning endurskoðanda
7. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
8. Ákvörðun félagsgjald
9. Önnur mál

1) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður stjórnar lagði til að hann sjálfur tæki að sér fundarstjórn og var tillagan samþykkt einróma. Þá var lagt til að Raket Lind Hauksdóttir fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna sinnti starfi ritara og var það samþykkt einróma.

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2021. Að lokinni yfirferð þakkaði fundarstjóri öllum sem lögðu hönd á plóg á árinu fyrir vel unnin verk og í framhaldi þess óskaði hann eftir því að Ragnar Schram framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna gæfi yfirlit yfir starfsemi ársins 2021. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði úr starfsemi SOS á liðnu ári.

3) Reikningar lagðir fram til samþykktar

Fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna fór yfir ársreikning 2021 og helstu breytingar milli ára 2021 og 2020. Ársreikningur og ársskýrsla voru send fundarmönnum fyrir fundinn til þess að gefa fundarmönnum tækifæri á því að kynna sér upplýsingar fyrir fundinn.

Þátttakandi á fundinum bar upp spurningu í tengslum við kostnaðarliðinn „Tilkostnaður vegna fjáraflana“ og velti því upp af hverju verið væri að setja háar fjárhæðir í kostnað og hvernig það væri réttlætjanlegt. Í svari fjármála- og fjáröflunarstjóra var kostnaðarliðurinn sundurliðaður og fellur stærsti hluti hans til vegna innheimtu styrkja í heimabanka og á greiðslukortum og við útsendingu greiðsluseðla til fyrirtækja.

Fundarstjóri bar ársreikning 2021 upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

4) Lausn stjórnar og annarra ábyrgða

Þriggja ára tímabili Kristjáns Þ. Davíðssonar í stjórn lauk á aðalfundinum og gekk hann því úr stjórn SOS Barnaþorpanna.

5) Kosning stjórnar og varamanna

Fundarstjóri óskaði eftir því að framkvæmdastjóri tæki að sér að stýra kosningu þar sem fundarstjóri væri í framboði til stjórnar.

Framkvæmdastjóri upplýsti um að kosið yrði um eitt sæti aðalmanns og tvö sæti varamanna. Samkvæmt lögum félagsins er kosning aðalmanns til þriggja ára og varamanna tveggja ára. Framkvæmdastjóri upplýsti um að í ljósi þess að verið væri að kjósa í fyrsta skipti samkvæmt nýjum samþykktum yrði sá háttur hafður á að þessu sinni að varamaður sem hlýtur flest atkvæði yrði kjörinn til tveggja ára en sá sem hlýti næst flest atkvæði yrði kjörinn til eins árs. Þetta væri gert þar sem samþykktir félagsins gengju út frá því að annað hvert ár verði kosið um einn varamann.

Framkvæmdastjóri lagði til að Auður Anna Pedersen og Auður Ösp Gylfadóttir mynduðu kjörstjórn og önnuðust framkvæmd kosninga, var það samþykkt einróma.

Framkvæmdastjóri tilkynnti að eitt framboð hefði borist frá Kristjáni Þ. Davíðssyni og bauð jafnframt þátttakendum fundarins að bjóða sig fram til aðalmanns. Nichole Leigh Mosty tilkynnti um framboð sitt til aðalmanns í stjórn SOS Barnaþorpanna. Framkvæmdastjóri bauð frambjóðendum að kynna sig, Nichole kynnti sig fyrst og næst kynnti Kristján sig.

Að lokinni kynningu var gengið til kosningar aðalmanns. Stutt hlé var gert á fundinum á meðan atkvæði voru talin. Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður kosninganna, samtals voru greidd átta atkvæði og hlaut Kristján Þ. Davíðsson sjö atkvæði og Nichole Leigh Mosty eitt atkvæði.

Næst á dagskrá var kosning varamanna. Framkvæmdastjóri tilkynnti að framboð frá Hildi Hörn Daðadóttur og Ingibjörgu Elísabetu Garðarsdóttur hefðu borist og bauð jafnframt þátttakendum fundarins að bjóða sig fram til varamanns, úr sal bárust engin framboð. Framkvæmdastjóri bauð frambjóðendum að kynna sig, Hildur kynnti sig fyrst og næst kynnti Ingibjörg sig.

Að lokinni kynningu var gengið til kosninga. Stutt hlé var gert á fundinum á meðan atkvæði voru talin. Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu kosninganna, samtals voru greidd átta atkvæði og fékk Hildur Hörn Daðadóttir fimm atkvæði og hlaut þar af leiðandi kosningu til tveggja ára og Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir fékk þrjú atkvæði og hlaut því kosningu til eins árs.

Að loknum þessum lið tók Kristján við fundarstjórn á ný.

6) Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri lýsti yfir ánægju stjórnar og starfsmanna með EY (Ernst&Young) og lagði til við fundinn að EY verði áfram endurskoðandi SOS Barnaþorpanna, var það samþykkt einróma.

7) Ákvörðun um breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að lagabreytingum en fyrir fundinn höfðu lagabreytingatillögur verið sendar til þátttakenda fundarins. Lagabreytingatillögur voru eftirfarandi :

Breytingartillaga á grein 3.2: Allir virkir styrktaraðilar geta orðið félagar í samtökunum. Skilgreining á virkum styrktaraðila er einstaklingur sem greitt hefur styrktarframlag til samtakanna, í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, samtals að fjárhæð 6.000 kr. eða meira og er ekki í skuld við samtökin.

Núverandi lagagrein er eftirfarandi: Allir einstaklingar sem styrkja mánaðarlega starf samtakanna, og hafa gert í a.m.k. sex mánuði, geta orðið félagar í samtökunum.

Lagt var til að grein 3.3 yrði númer 3.5.

Breytingartillaga á grein 3.4: Hafi félagi ekki greitt félagsgjald í meira en 6 mánuði frá gjalddaga lítur stjórn samtakanna svo á að vanskil félagsgjalds séu ígildi uppsagnar félagsaðildar að samtökunum.

Sé félagi í meira en sex mánaða vanskilum með styrktarframlag lítur stjórn samtakanna svo á að slíkt sé ígildi uppsagnar félagsaðildar að samtökunum. Þetta á ekki við um valgreiðslur enda um valkvætt framlag að ræða.

Uppfylli styrktaraðili ekki lengur skilyrði þess að vera virkur styrktaraðili lítur stjórn samtakanna svo á að slíkt sé ígildi uppsagnar félagsaðilar að samtökunum.

Núverandi lagagrein er eftirfarandi: Hafi félagi ekki greitt félagsgjald og/eða styrktargjald í meira en 6 mánuði frá gjalddaga lítur stjórn samtakanna svo á að félagi hafi sagt sig úr samtökunum.

Lagt var til að grein 3.5 yrði númer 3.3 og breyttist eftirfarandi: Skilyrði fyrir því að vera félagi í samtökunum er að vera virkur styrktaraðili og greiða árlegt félagsgjald. Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar samtakanna og skulu þau vera sanngjörn.

Núverandi lagagrein er eftirfarandi: Skilyrði fyrir því að vera félagi eða gerast slíkur er að félagi/umsækjandi sé ekki í skuld við samtökin. Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar samtakanna og skulu þau vera sanngjörn.

Breytingartillaga á grein 4.1: Félagar eiga rétt á að vera viðstaddir aðalfund, þar sem þeir geta nýtt félagsleg réttindi sín. Til þess að félagi geti nýtt félagsleg réttindi sín á aðalfundi skal hann skrá sig á fundinn með sannanlegum hætti eigi síðar en sólarhring fyrir boðaðan aðalfund og vera í skilum með félagsgjald.

Núverandi lagagrein er eftirfarandi: Félagar eiga rétt á að vera viðstaddir á aðalfundi, þar sem þeir geta nýtt félagsleg réttindi sín.

Breytingartillaga á grein 4.2: Allir félagar, aðrir en starfsmenn samtakanna, eiga rétt á að kjósa um stjórn samtakanna og gefa kost á sér til setu í stjórn samtakanna. Hefur hver félagi eitt atkvæði. Félagsmaður getur ekki veitt öðrum félagsmanni umboð sitt á aðalfundi.

Núverandi lagagrein er eftirfarandi: Allir félagar, aðrir en starfsmenn samtakanna, eiga rétt á að kjósa um stjórn samtakanna og gefa kost á sér til setu í stjórn samtakanna. Hefur hver félagi eitt atkvæði.

Lögð var til ný grein á eftir grein 6.5, þannig að þær greinar sem á eftir koma undir grein 6 sem fjallar um aðalfund hækka um eitt númer. Tillagan var þannig: Framboðum til stjórnar skal skilað inn til skrifstofu samtakanna eigi síðar en viku fyrir boðaðan aðalfund.

Breytingartillaga á grein 7.1 er: Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð þremur mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og stjórnarmanni og skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Varamenn, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Núverandi lagagrein er eftirfarandi: Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð þremur mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og stjórnarmanni og skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta orðið stjórnarmenn.

Varamenn, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Lögð var til ný grein á eftir grein 7.8 sem þýðir að þær greinar sem á eftir koma undir grein 7 sem fjallar um stjórn hækka um eitt númer. Tillaga að nýrri lagagrein var eftirfarandi: Stjórn samtakanna velur þrjá einstaklinga til setu í tilnefningarnefnd samtakanna. Einn þeirra skal vera úr stjórn samtakanna en hinir tveir utan stjórnar og óháðir bæði stjórn og stjórnendum. Tilgangur nefndarinnar er að tilnefna einstaklinga til aðal- og varamanna í stjórn samtakanna, með hagsmuni samtakanna að leiðarljósi. Stjórn samtakanna skal setja tilnefningarnefnd starfsreglur.

Breytingartillaga á grein 7.9 (grein 7.10 sé ný lagagrein á eftir 7.8 samþykkt): Stjórn skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi samtakanna og ber ábyrgð á að semja ársreikning fyrir hvert reikningsár ásamt framkvæmdastjóra.

Núverandi lagagrein er eftirfarandi: Stjórn skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi félagsins og ber ábyrgð á að semja ársreikning fyrir hvert reikningsár ásamt framkvæmdastjóra.

Fundarstjóri bar tillögur að lagabreytingum í heild sinni upp til samþykktar og voru þær samþykktar einróma.

8) Ákvörðun félagsgjalds

Fundarstjóri upplýsti að stjórn SOS Barnaþorpanna leggði til við fundinn að félagsgjald yrði óbreytt, þ.e. 2.500 kr. Var það samþykkt einróma.

9) Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust og kvað enginn sér hljóðs.

Að lokum þakkaði fundarstjóri öllum fyrir komuna og fyrir að leggja starfi SOS Barnaþorpanna lið.

Fleira var ekki gert á fundinum og sleit fundarstjóri fundinum kl. 18:50

Thorgeir Þorkelsson.
Rakel Lind Hauksdóttir

